

Sp.

## 157. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Í nefndaráliti 2. minni hluta fjárveitinganefndar um frumv. til fjárlaga fyrir árið 1964 var m. a. komið svo að orði: „Upplausnarástandið og jafnvægisleysið, sem nú ríkir í efnahagsmálum eftir 4 ára setu ríkisstjórnarinnar, sem aldrei hefur séð aðrar leiðir en hækkunar- og álöguleiðir, er svo algert, að naumast er fært að gera áætlun um útgjöld ríkissjóðs til heils árs í senn, svo ört snýst verðbólgu-hjólið, en höfuðsvipur þeirra fjárlaga, sem reynt er að koma saman, er samdráttarstefna um nauðsynlegar framkvæmdir, en áframhaldandi útpenslustefna að því er varðar rekstrarkostnað og skatta.“

Það kom í ljós, að þess varð ekki langt að biða, að ríkisstjórnin umturnaði nýsettum fjárlögum. Þótt skattar og tollar hefðu með þeim fjárlögum verið ákveðnir um 430 millj. kr. hærrí en næsta ár á undan, dugði það stjórnarflokkunum ekki, heldur lögðu þeir þegar í jan. á um 300 millj. kr. nýjan árlegan skatt með hækkun söluskatts úr 3% í 5½% til þess að bjargast við fram að setningu næstu fjárlaga, sem nú er komið að afgreiðslu á.

Fáar staðreyndir eru almenningi kunnari úr stjórnmalasögu síðari ára en sú, að núv. stjórnarflokkar hófu setu sína í ríkisstjórn með yfirlýsingum um, að aðalerindi þeirra í valdastólana væri að tryggja fast verðlag. Varla eru aðrar staðreyndir kunnari, nema ef vera skyldi sú, að eftir 5 ára valdaferil ríkisstjórnarinnar er hverjum manni ljóst, að sá vandi, sem við blasti í árslok 1958, var sem gári á vatni miðað við þær holskeflur dýrtíðar og verðbólgu, sem henni hefur tekizt að vekja upp og magna með ári hverju. Höfuðáherzlan hefur verið lögð á að tryggja fjáraflamönnum, að sem mest af afrakstri hinna mestu góðæra, sem íslenska þjóðin hefur lifað, lendi í þeirra vasa, með þeim afleiðingum, að raunverulegur kaupmáttur tímakaups verkafólks er nú lægri eftir samfelld góðæri til lands og sjávar undanfarin ár en hann var á aflaleysisárum fyrr. Ríkisstjórnin hefur algerlega látið undir höfuð leggjast að sinna því, sem hún taldi í upphafi aðalverkefni sitt, að tryggja fast verðlag, en fleytt síhækkandi fjárlögum í gegnum

afgreiðslu Alþingis án nokkurs tillits til þeirra afleiðinga, sem af hafa hlotizt á þróun efnahagsmála. Afleiðingarnar hafa verið þær, að við hver áramót hafa blasað enn stærri verðþensluvandamál og við enn stórfelldari verðhækkanir verið að kljást. Þá hefur lífróðurinn með fjárlögin hafizt á ný með nýjum álögum á þá þegna, sem búa við skertan kaupmátt launa, þrátt fyrir góðærin.

Eins og áður greinir, var þessari keðjuþróun svo langt komið við afgreiðslu fjárlaga í fyrra, að ríkisstjórninni reyndist ekki unnt að bíða afgreiðslu þeirra fjárlaga, sem nú eru til afgreiðslu, heldur varð þegar í jan. s. l. að seilast ofan í vasa gjaldþegna eftir auknum sköttum. Þegar svo var komið og öllum var orðið auðsætt, að ríkisstjórnarflokkarnir stefndu efnahagsmálum þjóðarinnar í algert öngþveiti og héldu hraðar en nokkru sinni fyrr út í ófærana, gerðu verkalýðs-samtökin tilraun til að grípa í taumana og reyna til þrautar að fá tekna upp farsælli stefnu. Frestuðu verkalýðsfélögin baráttu fyrir kauphækkunum, sem undanfarandi verðhækkanir höfðu veitt þeim rétt til, þar til sýnt yrði m. a. við afgreiðslu fjárlaga, hvort fram kæmi í reynd einhver viðleitni hjá ríkisstjórnarflokkunum til þess að tryggja grundvöll þess samkomulags, sem gert var milli þessara aðila s. l. sumar, en nýrri holskeflu skatta yrði ekki dembt yfir almenning ofan á þá, sem öllum eru í fersku minni frá s. l. sumri.

Það ætti því að vera ljóst, hversu afar mikilvægt er, að einmitt þau fjárlög, sem nú er verið að afgreiða, séu ekki brennd því sama marki skattþeningar og verðþenslustefnu, sem einkennt hefur fjárlög núverandi ríkisstjórnar til þessa. Á miklu riður, að nú sé horfið af þeirri braut, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa haldið við afgreiðslu fjárlaga, og komið sé á móts við óskir almennings um breytta stjórnarstefnu í anda þess samkomulags, sem gert var við verkalýðssamtökin á s. l. sumri.

Því miður verður ekki séð, að fjárlagafrumvarp það, sem nú liggur fyrir, sýni annað en óbreytta og jafnvel aukna verðbólguþefnu ríkisstjórnarinnar. Sú stefna virðist enn eiga að ráða að mæta áhrifum frá hækkun síðustu fjárlaga með hinum sígildu og einhæfu viðbrögðum ríkisstjórnarinnar: enn frekari hækkun skatta og tolla á hinum næstu.

Við setningu fjárlaga undanfarin ár hafa skattar og tollar að meðtöldum þeim hluta söluskatts, sem rennur í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, hækkað svo sem hér segir:

Fjárlög ársins	1962	um 176 millj. kr.		
— —	1963	— 437	—	—
— —	1964	— 430	—	—
Við 2. umr. fjárl. 1965	—	623	—	—

og er þá í síðustu tölunni meðtalin hækkun söluskatts eftir setningu fjárlaga ársins 1964, en ekki sú hækkun, sem varð á benzinskatti, gúmmígjaldi og þungaskatti bifreiða við setningu hinna nýju vegalaga á þessu ári.

Það fer því ekki milli mála, að þenslustefnan og skattþeningarstefnan er enn ríkjandi og í algleyningi. Á viðleitni til sparnaðar örlar ekki, þótt á því væri brýnni þörf nú en nokkru sinni fyrr, að gangskör væri gerð að niðurskurði á rekstrar-útgjöldum. Verst virðast leikin þau málefni, sem mestum sparnaði var lofað um, og nægir þar að nefna, að með nýjum aðferðum við álagningu skatta var heitið sparnaði á þeim útgjöldum ríkisins. Strax á fyrsta ári eftir breytinguna hækkaði kostnaðurinn á fjárlögum úr 8 478 000 kr. í 15 500 000 kr., og fylgdi þeirri hækkun sú athugasemd, að þessi mál „væru nú komin í fast form“. Reyndin er þó sú, að í því frumvarpi, sem nú liggur fyrir til afgreiðslu, hækkar þessi kostnaðarliður enn um ekki minna en 5.5 millj. kr. á einu ári.

2. minni hluti fjárveitinganefndar gerir á sérstöku þingskjali tillögur um lækkun nokkurra rekstrarliða. Er þar tillögur engan veginn tæmandi, heldur nánast könnun á því, hvort stjórnarflokkarnir fáist í nokkru einstöku atriði til þess að sýna vott af vilja til sparnaðar.

Það er uggvænleg staðreynd, að nú virðist sýnt, að í kjölfar samninga við verkalýðssamtökin í landinu, þar sem gerð er af þeirra hálfu mikilvæg tilraun til stöðvunar verðbólgunnar, fylgi hins vegar frá ríkisstjórninni mesta hækkun á sköttum og tollum, sem um getur við setningu fjárlaga. Eru þó ekki öll kurl komin til grafar nú við 2. umræðu fjárlaga, þar sem í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þeim niðurgreiðslum á vöruverði á næsta ári, sem viðhafðar eru í dag, og mun sá liður þurfa að hækka um 220 milljónir, til þess að gert sé ráð fyrir sömu niðurgreiðslum á næsta ári og nú eru í gildi.

Afleiðingarnar af samningum verkalýðsfélaganna og ríkisstjórnarinnar s. l. sumar, m. a. um greiðslu visitöluuppbóta á laun, eru m. a. þær, að sú aðferð, sem ríkisstj. hefur viðhaft til þessa á valdatíma sínum, að mæta afleiðingum verðbólguþefnu sinnar einfaldlega með stórhækkuðum álögum við setningu hverra fjárlaga, er ekki jafngreiðfær og fyrr. Enda sýnir afgreiðsla stjórnarflokkanna á því fjárlagafrumvarpi, sem fyrir liggur, að þeir standa nú ráðalausari en nokkru sinni fyrr. Í fjárveitinganefnd hafa fulltrúar stjórnarflokkanna ekki gert tillögur um tekjuhlíð frumvarpsins fyrir 2. umræðu, og kemur það þannig ókarað fyrir Alþingi til afgreiðslu, og hafa útgjöld þó hækkað í meðförum nefndarinnar um 50 millj. kr. Skortir því allmjög á, að þingheimi sé á þessu stigi málsins gert að fullu ljóst, hvað við blasir eftir afgreiðslu fjárlaga. Úrræði hefur ríkisstjórnin engin fundið enn. Verður að átelja þessi vinnubrögð, án þess að fulltrúum ríkisstjórnarinnar í fjárveitinganefnd verði þar um kennt. Ekki er þó nóg með, að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki treyst sér til að móta stefnu sína um tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári og leggja hana fyrir Alþingi við 2. umræðu, heldur hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni engar upplýsingar getað fengið um innkomnar tekjur ríkissjóðs á þessu ári eða áætlun um innflutning á næsta ári, þrátt fyrir itrekaðar óskir. Hefur jafnan verið talið sjálfsagt, að fjárveitinganefnd hafi fyrir 2. umr. aðgang að þessum upplýsingum, enda er starfsgrundvöllur hennar að engu gerður, þegar svo er að farið. Verður að víta þessi vinnubrögð sérstaklega. Eins og undirbúningi ýmissa málaflokka er háttáð, þyrfti meiri tími að gefast til afgreiðslu fjárlaga, og meðan ekki er úr því bætt, virðist tæpast stætt á því að einblína á það eitt að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Of mjög sækir í það horf, að skemmstur tíminn gefst til að afgreiða veigamestu málin.

Ýmis mál eru enn óafgreidd hjá nefndinni og bíða 3. umræðu. Leggur 2. minni hluti því ekki fram breytingartillögur við þau mál, fyrr en sýnt er, hvernig þau verða afgreidd í nefndinni.

Mikinn fjölda erinda og mála hefur nefndin afgreitt sameiginlega. Um sameiginlegar tillögur nefndarinnar er það að segja, að 2. minni hluti hefur óbundna afstöðu um fylgi við einstakar tillögur og um flutning á breytingartillögum eða fylgi við breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Um breytingartillögur, sem nefndarálit þessu fylgja, skal þetta tekið fram:

#### Breytingartillögur við 10. gr.

Lagt er til, að 3 sendiráð á Norðurlöndum verði sameinuð í eitt. Gert er ráð fyrir, að á fyrsta ári sparist um 1.5 millj. kr., en mun meira, þegar skipulagsbreytingin yrði að fullu komin til framkvæmda. Þegar talað hefur verið um sparnað, hefur þessi leið verið nefnd af fleirum en fulltrúum Alþýðubandalagsins, en aldrei hefur verið meiri þörf en nú, að í þessu efni séu verkin látin tala.

Kostnaður utanríkisráðuneytisins vegna ferðalaga, samninga við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráráðstefnum er áætlaður 3.7 millj. kr. Gerð er tillaga um, að ráðuneytið fái 2.5 millj. til þessara mála á einum lið, og mun flestum virðast, að það ætti að nægja.

Vegna ferðalaga fulltrúa Alþingis á þingmannafundi Atlantshafsbandalagsins

er gert ráð fyrir tæpl. 200 þús. kr. kostnaði á næsta ári. Slík þátttaka í nafni Alþingis í hernaðarráðstefnum er því ekki til sóma, og er lagt til, að skattgreiðendum verði hlífð við þessari greiðslu.

#### Breytingartillögur við 11. gr.

Kostnaður Íslendinga af því að verjast „varnarliðinu“ á Keflavíkurflugvelli hækkar með ári hverju, jafnhliða því sem aðrar þjóðir draga úr herkostnaði. Lagt er til, að sparaðar verði 2.2 millj. kr. á þessum lið, sem nemur um 6.2 millj. kr. á fjárlagafrumvarpinu.

Liðurinn til almannaþinganna er sú undantekning, sem sannar regluna um hækkun rekstrarliða á fjárlagafrumvarpinu. Hann er nú lækkaður úr 4 millj. kr. í 2.7 millj. kr. Lagt er til, að hér verði sparað frekar og liðurinn lækkaður í 500 þús. kr., og þeirri upphæð haldið eftir með tilliti til þess, að almannaþingnum er ætlað hlutverk í sambandi við varnir gegn hættum af náttúruhamförum. Ber þó á það að líta, að framlög til framkvæmda í því efni eru annars staðar á fjárlögum einnig.

#### Breytingartillögur við 12. gr.

Vífilsstaðahæli er vegna aldurs síns ófullkomið mjög, og er þar þörf margvíslegra endurbóta. Lagt er til, að fjárveiting í þessu skyni verði hækkuð um þá upphæð, sem forráðamenn þess telja nauðsynlega til framkvæmda, eða úr 5.4 millj. kr. í 6.9 millj. kr.

#### Breytingartillögur við 13. gr.

Áætla má, að hækkun á framkvæmdakostnaði við vegagerð hafi orðið um 15% á þessu ári. Til þess að vegaf framkvæmdir geti á næsta ári í reynd orðið jafnar því, sem fé var veitt til á vegalögum og fjárlögum fyrir árið 1964, er lagt til, að framlag ríkisins hækki um 31.5 millj. kr., en framkvæmdir í vegamálum eru svo brýnar, að ekki verður við unað, að þær dragist saman á næsta ári.

Gerð er tillaga um hækkun fjárveitingar til hafnarmannvirkja og lendingarbóta úr 17 550 000 kr. í 30 000 000 kr. Kostnaður við hafnarframkvæmdir mun hafa hækkað um 15% á þessu ári, og vangreidd framlög ríkissjóðs munu nema tæpl. 50 millj. kr., svo að mjög mikil þörf er á, að fjárveiting verði hækkuð til þessara framkvæmda.

#### Breytingartillögur við 14. gr.

Til listkynningar í skólum er áætlað á fjárlagafrumvarpi næsta árs 200 þús. kr. Um það mun naumast ágreiningur, að af listgreinum er hlutur myndlistar í listkynningu þessari of rýr. Lagt er til, að með 100 þús. kr. viðbótarfjárveitingu verði tvennt gert í einu: skólanemendum veitt aukin myndlistarfræðsla og sýningar myndlistarmanna, sem kynna skólafólki verk sín, styrktar.

Íþróttasjóður má heita óstarfhæfur vegna þess, að fjárveitingar ríkisins til hans eru í engu samræmi við þær skyldur, sem löggin ákveða honum. Vandræðaástand ríkir varðandi lögboðna íþróttakennslu víða um land. Lagt er til, að framlag til sjóðsins verði hækkað úr 4 millj. kr. í 6.5 millj. kr.

Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til, að Jóhannes S. Kjarval, Páll Ísólfsson og Tómas Guðmundsson verði settir í heiðursflokk við úthlutun listamannalauna auk þeirra Gunnars Gunnarssonar og Halldórs Kiljans Laxness, sem áður hafa skipað þann flokk. Mun það álit flestra, sem til þekkja, að sé fjölgað í þessum flokki, verði ekki gengið fram hjá þeim Jóhannesi úr Kötlum og Þórbergi Þórðarsyni, og er gerð tillaga um, að þeir skipi einnig heiðursflokkinn.

Alkunna er, í hve mikilli niðurníðslu sýningararkáli Félags íslenskra myndlistarmanna er. Félagið hefur nú fengið lóð undir nýjan skála og hefur sótt um aðstoð ríkisins til framkvæmda. Er lagt til, að félaginu sé veitt byrjunarframlag á næsta ári, 1 millj. kr.

Breytingartillögur við 16. gr.

Á fjárlögum er veitt fé til námskeiða í meðferð fiskileitartækja, og er öllum ljóst, hve brýn þörf er á slíkum námskeiðum.

Ætlunin mun vera að halda einnig námskeið fyrir viðgerðarmenn fiskileitartækja, ef framlag fæst til þess. Skortur er á mönnum til þessara nauðsynlegu starfa, og er lagt er til, að á fjárlögum verði veittar 105 þús. kr. til þess að námskeiðið geti farið fram.

Með lögum nr. 1/1964 var ákveðið, að ríkssjóður greiddi Aflatryggingasjóði til styrktar útgerð togara 51 millj. kr. á árinu 1964. Á fjárlagafrumvarpinu er þessi upphæð lækkuð í 40 millj. kr. með þeim rökstuðningi, að færri togarar hafi verið að veiðum á þessu ári en árið 1963. Samkv. því virðist þó vera gert ráð fyrir því, að dagstyrkur á hvern togara verði óbreyttur. Samkv. upplýsingum, sem fram komu í fjárveitinganefnd, mun þessi ályktun um að lækka framlagið í 40 millj. kr. vera á misskilningi byggð, þar sem á móti því kemur, að úthaldsdagar togaranna hafa almennt verið fleiri á þessu ári. Samkv. því þarf fjárveitingin að vera 48 millj. kr., til þess að dagstyrkur togaranna verði jafnmikill á næsta ári og nú, en af því mun sízt veita, þegar aflabrögð þeirra eru höfð í huga og að kostnaður við útgerð þeirra hefur aukizt.

Lagt er til, að framlag til hagnýtra jarðfræðirannsóknna og iðnaðarrannsóknna verði hækkað úr 400 þús. kr. í 800 þús. kr. Þegar á það er litið, að hér er um að ræða undirstöðurannsóknir fyrir alla nýtingu jarðhita, ætti að vera ljóst, að fé til þessarar starfsemi er vel varið, og að henni má ekki kreppa með allt of naumum fjárveitingum.

Með því framlagi, sem áætlað er á fjárlögum til byggingadeildar Atvinnudeildar háskólans, er deildinni ekki fært að stunda sjálfstæðar byggingarannsóknir, en í sambandi við hagkvæma lausn húsnæðisvandamála er mjög brýn þörf á, að þeim rannsóknum verði sinnt. Er því lagt til, að framlag til byggingadeildar verði hækkað og 200 þús. kr. verði sérstaklega varið til sjálfstæðra byggingarannsóknna.

Breytingartillögur við 17. gr.

Jafnframt því sem byggingarkostnaður hækkar og erfiðara verður fyrir almenning að ráðast í íbúðabyggingar, vex þörfin á því, að auknar séu fjárveitingar í þá þætti byggingastarfseminnar, sem búa alþýðu manna rýmst kjör. Því er lagt til, að framlag ríkisins til byggingar verkamannabústaða hækki úr 7 millj. kr. í 10 millj. kr.

Enn skortir mjög á, að nægilega sé séð fyrir dagheimilum, sumardvalarheimilum og vistheimilum fyrir börn úr bæjum og kaupúnum, og er þó víða í bæjum unnið að byggingu dagheimila. Vegna fjölgunar þeirra á ári hverju og stóraukins rekstrar-kostnaðar þarf hin lága upphæð, sem verið hefur á fjárlögum til styrktar þessari starfsemi, að hækka, og er gerð tillaga um, að framlagið hækki úr 450 þús. kr. í 900 þús. kr., en til vara í 600 þús. kr.

Um félagsheimilásjóð gegnir sama máli og íþróttasjóð. Hann er þess ófær að gegna hlutverki sínu og getur ekki staðið við þær skyldur, sem löggin ákveða honum. Virðist óhjákvæmilegt, að ríkið ákveði framlag í sjóðinn á fjárlögum, og er gerð tillaga um 3 millj. kr. á næsta ári.

Alþingi, 12. des. 1964.

Geir Gunnarsson.